



## Lög Kiwanisklúbba

### Kafli 1. NAFN OG MARKMIÐ

1.1 Samtökin heita :

Kiwanisklúbburinn \_\_\_\_\_

Klúbburinn er aðili að Alþjóðahreyfingu Kiwanis og starfar samkvæmt stofnskrárskjali útgefnu af Kiwanis International (KI).

1.2 Megintilgangur klúbbsins er að bæta lífsgæði barna og fjölskylda um allan heim með því að starfa í anda markmiða KI:

- Að láta andleg og mannleg verðmæti skipa æðri sess en verðmæti af veraldlegum toga spunnin.
- Að hvetja til þess að dagleg breytni manna á meðal byggist á hinni gullnu reglu: „Allt sem þér viljið að aðrir menn gjöri yður, það skuluð þér og þeim gjöra“.
- Að beita sér fyrir bættum viðskiptaháttum, starfsháttum og félagslegri hegðan.
- Að efla borgaralegar dyggðir með góðu fordæmi.
- Að skapa með stofnun Kiwanisklúbba leiðir til þess að binda varanleg vináttubönd, veita ósérplægna þjónustu og stuðla að betra samfélagi.
- Að vinna saman að mótun og eflingu heilbrigðs almenningsálits og göfugrar hugsjónarstefnu, sem er undirstaða aukinnar ráðvendni, bættrar réttvísi, vaxandi þjóðrækni og bræðralags.

### Kafli 2. FÉLAGAR

2.1 Fullorðnum einstaklingum (18 ára og eldri) með óflekkað mannorð má bjóða klúbbaðild.

Hægt er að flytja aðild milli klúbba. Klúbbaðild telst samþykkt greiði meirihluti allrar stjórnar henni atkvæði sitt.

2.2 Virkir félagar njóta allra klúbbréttinda. Virkir félagar eru þeir sem standa skil á félagsgjöldum og öðrum gjöldum, sem skilgreind eru í klúbbsamþykktum og fara eftir öllum öðrum ákvæðum í téðum samþykktum. Við mat á umsóknum um félagsaðild er Kiwanisklúbbum óheimilt að mismuna einstaklingum með tilliti til uppruna, litarháttar, trúarskoðana, þjóðernis, aldurs og kyns, þar með talið kynhneigðar og kynvitundar. Hið sama á við um alla innri og ytri starfsemi Kiwanisklúbbs. Hvað þessa grein varðar ber Kiwanisklúbbum einnig að fylgja þar að lútandi íslenskum lögum og lagaákvæðum.

2.3 Meirihluti allrar stjórnar getur samþykkt að víkja óvirkum félaga tímabundið eða varanlega úr klúbbum. Sé slík ákvörðun á döfinni verður að tilkynna viðkomandi félaga hana með minnst fjórtán (14) daga fyrirvara. Félagi hefur fullan rétt til að sitja og tala máli sínu fyrir stjórn á eða fyrir fund þar sem ákvörðun í máli hans verður tekin.

2.4 Félagi getur sagt upp félagsaðild með skriflegri tilkynningu til klúbbsins. Félagi sem sagt hefur sig úr eða verið vikið úr klúbbum, fyrirgerir öllu tilkalli til eigna klúbbsins og allra réttinda til að bera hvers konar merki Kiwanis.

### Kafli 3. STARFSEMI

3.1 Stjórnar- og reikningsár klúbbsins skal vera það sama og KI eða 1. október – 30. september.

3.2 Klúbbfundi skal halda minnst einu sinni í mánuði, en klúbbstjórn ákveður stað, tíma og fjölda reglulegra funda. Með samþykki meirihluta stjórnar eða klúbbfélaga og með minnst fjórtíu og átta (48) tíma fyrirvara, má boða til auka klúbbfunda eða aflýsa boðuðum fundum. Klúbbfélagar geta fundað og rætt málefni klúbbsins með hverjum þeim hætti sem gerir öllum þátttakendum kleift að eiga rauntíma samskipti sín á milli (hér er átt við símafund eða fund með fjarbúnaði s.s. Skype). Þátttaka telst mæting. Hefðbundin fundarsköp klúbbsins eiga hér við. Atkvæðagreiðsla á slíkum fundi skal fara fram að viðhöfðu nafnakalli.





# Kiwaniis®

3.3 Aðalfund skal halda á tímabilinu 1. janúar - 15. maí. Á aðalfundi eru embættismenn klúbbsins kosnir. Til aðalfundar skal boða með minnst 30 daga fyrirvara.

3.4 Með meirihluta samþykki klúbbstjórnar og ákvæði í klúbbsamþykktum er klúbbnum heimilt að hafa fastanefndir. Að fengnu samþykki stjórnar er forseta heimilt að skipa nefndir sem ætlað er vinna að markmiðum klúbbsins og þjóna starfsemi hans og hagsmunum. Kveðið skal á um hlutverk, starfstíma og starfsskyldur allra nefnda við skipan þeirra.

3.5 Þriðjungs (1/3) mæting virkra klúbbfélaga uppfyllir skilyrði um tilskilinn meirihluta. Meirihluti atkvæða þarf að standa að baki öllum ákvörðunum klúbbsins nema kveðið sé á um annað í lögum þessum eða samþykktum klúbbsins. Tilkynna þarf klúbbfélögum um allar fyrirhugaðar atkvæðagreiðslur með minnst fjórtán (14) daga fyrirvara.

3.6 Klúbbnum er heimilt að upplýsa klúbbfélaga og nærsamfélagið um mál er varða almannahag. Hins vegar er klúbbnum óheimilt að taka þátt í eða grípa til aðgerða gegn eða í þágu frambjóðanda, lagasetningar eða annarra málefna stjórn málalegs eðlis.

## KAFLI 4. EMBÆTTIS- OG STJÓRNARMENN

4.1 Embættismenn skulu vera forseti, fráfarandi forseti, kjörforseti, féhirðir og ritari, en einnig geta varaforsetar verið einn eða fleiri sé kveðið á um slíkt í samþykktum klúbbsins. Samkvæmt klúbbsamþykktum hefur klúbburinn einnig a.m.k. þrjá (3) meðstjórnendur. Sami félagi getur ekki gengt tveimur (2) embættum, öðrum en embætti ritara og féhirðis. Enginn félagi getur samtímis þjónað sem embættismaður og meðstjórnandi. Klúbbnum er einnig heimilt að hafa önnur embætti. Lagaákvæði um nöfn, kjörtímabil og starfsskyldur viðkomandi embætta auk ákvæða um hvernig skuli staðið að kosningum og vali í þau, skyldu þau losna á starfsárinu, skulu vera tilgreind á viðeigandi stað í klúbbalögum og/eða samþykktum klúbbsins.

4.2 Skyldur embættismanna klúbbsins skulu vera sem hér segir og tilgreint er í samþykktum klúbbsins:

- Forseti er framkvæmdastjóri klúbbsins, stjórnar öllum klúbb- og stjórnarfundum og gerir reglulega grein fyrir störfum sínum.
- Ritari heldur utan um öll skjöl klúbbsins, gerir KI svo fljótt sem auðið er grein fyrir breytingum á félagatali klúbbsins, skrifar fundargerðir klúbb- og stjórnarfundu. Ef þörf krefur skilar ritari tilskyldum skýrslum til yfirvalda og gerir klúbbfélögum og -stjórn reglulega grein fyrir störfum sínum.
- Féhirðir, í umboði stjórnar, annast og gerir grein fyrir öllum klúbbsjóðum, sér um fjárhagsbókhald klúbbsins, gerir klúbbfélögum og -stjórn reglulega grein fyrir fjárhagsstöðu klúbbsins.
- Kjörforseti, fráfarandi forseti og varaforseti (ef einhver er) gegna jafnan þeim störfum er undir embættin heyra eða þeim eru falin af forseta eða stjórn.

4.3 Meðstjórnendur gegna jafnan þeim störfum er undir embættið heyra eða þeim eru falin af forseta eða stjórn.

## KAFLI 5. KOSNINGAR OG LAUS EMBÆTTI

5.1 Sérhver embættismaður og meðstjórnandi (og tilnefndir félagar í þessi embætti) verða að vera virkir klúbbfélagar. Í samræmi við klúbbsamþykktir er, með samþykki viðkomandi, heimilt að tilnefna til þess hæfan féлага.

5.2 Með tilvísan til klúbbsamþykktu má skipa eða kjósa ritara. Alla aðra embættis- og stjórnarmenn skal kjósa á aðalfundi klúbbsins. Kosningu skal hagað í samræmi við klúbbsamþykktir, en meirihluti atkvæða ræður kosningu.

5.3 Í samræmi við klúbbsamþykktir er kjörtímabil forseta, fráfarandi forseta, kjörforseta, féhirðis,



**Umdæmið Ísland – Færeyjar**

Bíldshöfða 12, 110 Reykjavík  
Netfang: [kiwanis@kiwanis.is](mailto:kiwanis@kiwanis.is) <http://kiwanis.is/>



# Kiwaniis®

ritara og varaforseta (ef einhverjir eru) eitt (1) eða tvö (2) ár. Kjörtímabil þeirra hefst 1. október ár hvert. Í samræmi við klúbbsamþykktir getur meðstjórnandi gengt embætti í allt að þrjú (3) ár. Kjörtímabil hans hefst 1. október.

5.4 Embætti sem losna á starfsárinu:

- Ef embætti forseta losnar á starfsárinu skal velja einn af eftirtöldum:

- fráfarandi forseta

- fyrrverandi forsetum

- varaforseta (ef einhver er)

- kjörforseta, í samræmi við klúbbsamþykktir.

- Ef embætti fráfarandi forseta losnar á starfsárinu skal því gegnt af síðasta forseta sem tilbúinn og fær er um að gegna embætti.

- Vegna allra annarra embættis- og stjórnarmanna skulu nýjar kosningar fara fram innan sextíu (60) daga. Skilyrt er að félögum sé kynnt dagsetning fundar og tilnefningar til embættanna með minnst fjórtán (14) daga fyrirvara. Ef ritari er hinsvegar tilnefndur, skipar forseti með samþykki stjórnar í hið lausa embætti.

## KAFLI 6. STJÓRN

6.1 Klúbbstjórn (í lögum þessum nefnd – stjórn!) skipa forseti, fráfarandi forseti, kjörforseti, féhirðir, ritari, varaforsetar (ef einhverjir) og allir meðstjórnendur.

6.2 Stjórn ber ábyrgð á:

- Almennri stjórnun klúbbsins utan þess sem klúbbfélögum er falið í lögum þessum eða klúbbsamþykktum.

- Að tryggja að klúbburinn starfi í samræmi við viðeigandi lög og reglugerðir.

- Að skera úr um virkni einstakra félaga í samræmi við samþykktir klúbbsins.

- Að sinna öðrum skyldum sem henni er falið í lögum þessum og samþykktum klúbbsins.

6.3 Meirihluti allrar stjórnar telst ákvörðunarbær meirihluti, en öll mál þurfa meirihlutasamþykkt nema kveðið sé á um annað í lögum þessum eða samþykktum klúbbsins.

6.4 Stjórn skal funda reglulega á stað þeim og tíma er hún ákveður. Forseti eða meirihluti stjórnar getur boðað aukafund stjórnar, að því tilskildu að fundurinn, fundarefni, dag- og tímasetning sé tilkynnt stjórn með minnst fjórtíu og átta (48) tíma fyrirvara. Stjórn getur fundað og afgreitt mál með hverjum þeim hætti sem gerir öllum þátttakendum kleift að eiga rauntíma samskipti sín á milli. Þátttaka telst mæting. Hefðbundin fundasköp stjórnar eiga hér við. Atkvæðagreiðsla skal fara fram með nafnakalli.

6.5 Stjórn er óheimilt að taka ákvarðanir sem stangast á við ákvörðun klúbbfundar. Öllum ákvörðunum stjórnar má rifta eða breyta með atkvæðum tveggja þriðju(2/3) klúbbfélaga. Ákvörðun stjórnar um agamál, samanber 7. kafla, er þó hægt að rifta eða breyta með einföldum meirihluta atkvæða. Atkvæðagreiðsluna skal tilkynna með a.m.k. fjórtán (14) daga fyrirvara.

## KAFLI 7. AGAMÁL

7.1 Hegðun sem samrýmist ekki því að vera Kiwanisfélagi er skilgreind sem:

- hvers konar hegðun sem samrýmist ekki almennum hegðunarviðmiðum og gengur í berhögg við eða gæti skaðað álit og orðspor Kiwanishreyfingarinnar.

7.2 Sé félagi í Kiwanisklúbba skriflega sakaður um hegðun sem samrýmist ekki hegðun

Kiwanisfélaga skal forseti þegar í stað kalla eftir reglum um meðferð slíkra mála frá umdæmisstjórn/KI og skipa sérstakan rannsóknarmann til að kanna málavexti. Séu sakir bornar á forseta ber ritara að taka af skarið.

a. ef rannsóknarskýrsla leiðir í ljós að grundvöllur sé fyrir staðhæfingum, ber forseta að



**Umdæmið Ísland – Færeyjar**

Bíldshöfða 12, 110 Reykjavík

Netfang:kiwanis@kiwanis.is <http://kiwanis.is/>



# Kiwaniis®

tilkynna viðkomandi félaga það og vísa málinu til stjórnar sem skal halda vitnaleiðslur um málið. Að þeim loknum ræður stjórn ráðum sínum og kynnir ákvörðun sína um hvort félaginn hefur eða hefur ekki sýnt af sér „óviðeigandi hegðun“. Byggt á þeirri ákvörðun grípur stjórn til viðeigandi agaúrræða sem gætu verið: óformleg ráðgjöf, munnleg áminning, skrifleg áminning, tímabundin eða varanleg svifting embættis eða klúbbaðildar. Agaúrræði skulu taka mið af alvarleika sakarefna. Klúbbur skal skjalfesta öll agaúrræði sem gripið er til. Ef félagi er vikið úr klúbbi vegna ósæmilegrar hegðunar skulu umdæmisstjóra og umdæmisritara tilkynnt það.

b. Ef félaginn (hinn ásakaði félagi) eða rannsóknarmaðurinn telja að einhverju sé ábótavant í rannsóknar- eða ákvörðunarferlinu getur hvor um sig áfrýjað ákvörðun stjórnar til klúbbsfundar. Fundað skal um áfrýjunina með virkum félögum á til þess boðuðum fundi. Ákvörðun fundarins um að, staðfesta, snúa við eða breyta ákvörðun(um) stjórnar skal vera endanleg.

c. Ef einhvern tíma í meðferð málsins vaknar grunur um glæpsamlegt athæfi skal málinu vísað til viðeigandi yfirvalda.

d. Öll málgögn, staðreyndir og upplýsingar er snerta rannsóknina, ávörðunina og áfrýjunina (ef við á) skoðast trúnaðarmál allra þeirra sem koma að ferlinu á hvaða stigi þess sem er.

e. Klúbbi ber að halda öllum opinberum málgögnum til haga (ásökunarskýrsla, rannsóknarskýrsla, fundargögn málskots, stjórnarskýrsla og áfrýjunarskýrsla, ef við á) svo lengi sem lög kveða á um. Framkvæmdastjóra KI skal sent afrit af málgögnum og þau ber að varðveita sem trúnaðarmál.

7.3 Klúbbur skal beita agaákvæðum gagnvart sérhverjum félaga sem í ljós hefur komið að sýnt hafi af sér ósæmilega hegðun. Að öðrum kosti má álykta sem svo að klúbburinn fylgi ekki almennum stöðlum KI og eigi þar með á hættu að verða sviptur stofnskrá sinni eða hún verði afturkölluð í samræmi við ákvæði alþjóðalaga KI.

7.4 Ef forseti eða meirihluti stjórnar sakar embættismann eða stjórnarmann um að uppfylla ekki starfsskyldur sínar, skal stjórn rannsaka málið og skera úr um það á fundi sem haldinn skal í það minnsta fjórtíu og fimm (45) dögum eftir að ásökun kemur fram eða eins fljótt og auðið er. Skrifleg tilkynning um ásakanir og yfirvofandi rannsókn þeirra og fund með stjórn verður að hafa borist viðkomandi í það minnsta þrjátíu (30) dögum fyrir fund. Viðkomandi skal leyft að sitja fundinn og taka til varna. Ef ásökunin er studd atkvæðum tveggja þriðju (2/3) hluta allrar stjórnar verður embættið kunnert sem laust.

## KAFLI 8. FJÁRMÁL

8.1 Fjármuna sem aflað er vegna þjónustuverkefna klúbbsins, sama hvernig þeirra er aflað, má einungis nýta til þjónustuverkefna. Halda verður aðskilda reikninga vegna styrktarsjóðs og félagsjóðs.

8.2 Fyrir 15. október skal stjórn samþykkja fjárhagsáætlanir með tekju- og kostnaðarliðum fyrir styrktarsjóð og félagsjóð og leggja fyrir klúbbsfund til afgreiðslu.

8.3 Árlega skal skoða bókhald klúbbsins af a) viðurkenndu bókhaldsfyrirtæki án nokkurra tengsla við einhvern klúbbsfélag; eða b) skoðunarnefnd, fastanefnd sem skilgreind er í klúbbsamþykktum. Bókhald klúbbsins skal vera tiltækt til skoðunar af fyrirtækinu eða nefndinni og, ef þess er óskað, af forseta eða stjórn. Skriflegri skýrslu um skoðun ársreikninga skal skilað til stjórnar.

8.4 Stjórn ákveður hvernig varðveislu klúbbsfjár skal háttað og tilnefni þann/þá félaga sem heimild hafa til greiðslu af reikningum klúbbsins.

8.5 Árgjald klúbbsfélaga, gjöld og aðrar álögur verða að hljóta samþykki tveggja þriðju (2/3) hluta klúbbsfélaga, svo fremi að fjórtán (14) daga fyrirvari sé hafður á tilkynningu til klúbbsfélaga um



## Umdæmið Ísland – Færeyjar

Bíldshöfða 12, 110 Reykjavík  
Netfang: [kiwanis@kiwanis.is](mailto:kiwanis@kiwanis.is) <http://kiwanis.is/>



# Kiwaniis®

atkvæðagreiðslu og tillögur að gjöldunum.

8.6 Klúbbstjórn ber að tryggja tafarlausa greiðslu á öllum álöögðum gjöldum til KI, umdæmis og KI-EF.

8.7 Ef klúbburinn, einhverra hluta vegna, hættir starfsemi, ber klúbbstjórn að ráðstafa lausafjármunum hans og öðrum eigum í samræmi við umdæmisög. Óskilgreindu fé og eignum skal ráðstafa til Styrktarsjóðs umdæmisins.

## KAFLI 9. YFIRVÖLD/STJÓRNVÖLD

9.1 Lög klúbbsins og samþykktir skulu vera í samræmi við landslög.

9.2 Tilvísanir til atriða sem ekki eru skilgreind í lögum þessum má finna í eftirtöldum forgangsröðuðum gögnum :

- Fyrsta—alþjóðalög KI
- Annað—samþykktir og verklagsreglur KI
- Þriðja —Evrópulög
- Fjórtáa—Umdæmisög
- Fimmta—almennum fundarsköpum

## KAFLI 10. LÖG OG SAMÞYKKTIR

10.1 Eftir því sem lagaskylda kveður á um ber innan eins árs (1) frá vígslu klúbbsins, að skrá hann hjá viðkomandi yfirvöldum og viðhalda slíkri skráningu.

10.2 Þessum klúbblögum er aðeins hægt að breyta til samræmis við Standard Form for Club Bylaws, eins og þau hafa verið og verða samþykkt af KI. Lagabreytingar má samþykkja með atkvæðum tveggja þriðju (2/3) hluta klúbbfélaga svo fremi að félögum sé tilkynnt um það með minnst fjórtán (14) daga fyrirvara. Klúbblög þessi öðlast ekki gildi fyrr en þau hafa hlotið samþykki KI.

10.3 Ef einhver ákvæði þessara laga reynast ógild, eru önnur ákvæði eftir sem áður í gildi.

10.4 Klúbbnum ber að íhuga og samþykkja þær klúbbsamþykktir sem KI mælir fyrir um og kveðið er á um í þessum lögum. Það er gert með samþykki tveggja þriðju (2/3) hluta viðstaddra og atkvæðisbærra klúbbfélaga svo fremi að fjórtán (14) daga fyrirvari sé hafður á tilkynningu um atkvæðagreiðsluna.

10.5 Klúbbstjórn getur gert frekari klúbbsamþykktir sem ekki eru brot á viðkomandi lögum, klúbblögum, alþjóðalögum KI og umdæmis- eða Evrópulögum. Allar klúbbsamþykktir skulu hljóta atkvæði tveggja þriðju (2/3) hluta viðstaddra klúbbfélaga svo fremi að fjórtán (14) daga fyrirvari sé hafður á tilkynningu um atkvæðagreiðsluna. (ATH: Valkvæðar samþykktir K og L gera ráð fyrir sérstöku samþykktarferli.)

### SAMÞYKKT AF KLÚBBI: SAMÞYKKT AF KIWANIS INTERNATIONAL:

Dagsetning samþykktar: \_\_\_\_\_ Dagsetning: \_\_\_\_\_

Forseti (nafn): \_\_\_\_\_ Af (nafn): \_\_\_\_\_

Undirskrift: \_\_\_\_\_ Undirskrift: \_\_\_\_\_

Ritari (nafn): \_\_\_\_\_

Undirskrift: \_\_\_\_\_

## Dæmi um samþykktir klúbbs sem fylgja klúbballögum

### KLÚBBSAMÞYKKTIR

**KLÚBBAR ATHUGI:** Klúbballög gera ráð fyrir að samþykkja megi klúbbsamþykktir og breyta með atkvæðum tveggja þriðju (2/3) klúbbfélaga svo fremi að þeim sé tilkynnt um atkvæðagreiðsluna með



### Umdæmið Ísland – Færeyjar

Bíldshöfða 12, 110 Reykjavík

Netfang:kiwanis@kiwanis.is <http://kiwanis.is/>



# Kiwaniis®

fjórtán (14) daga fyrirvara. Tilgangur klúbbsamþykktar er að auðvelda klúbbum að skilgreina og tilgreina stjórnunar- og rekstrarþætti sem eiga sérstaklega við um þennan klúbb (þ.e. þau eiga ekki við um aðra Kiwanisklúbba).

**Lögboðnar samþykktir:** Klúbburinn verður að taka tillit til samþykktar A, B, C, og D, samþykkja og senda KI til samþykktar ásamt klúbbalögum.

**Valkvæðar samþykktir:** Aðrar samþykktir eru einungis settar fram til skoðunar og klúbbum er frjálst,

en ber engin skylda til, að samþykkja þær. Klúbburinn hefur allan rétt til að gera fleiri samþykktir, svo fremi að þær brjóti ekki í bága við klúbbalög, alþjóðalög Kiwanis, umdæmisög eða Evrópulög.

Klúbburinn getur t.d. ákveðið að hærra (en aldrei lægra) vægi atkvæða þurfi til samþykktar ákveðinna

mála. Valkvæðar samþykktir þurfa ekki samþykki KI.

## Lögboðnar klúbbsamþykktir

**A. ÁRGJALD OG ÖNNUR GJÖLD:**

**B. SKILGREINING VIRKRA FÉLAGA:**

**C. KJÖRTÍMABIL EMBÆTTIS- OG STJÓRNARMANNA:**

**D. FYRIRKOMULAG Á KOSNINGU EMBÆTTIS- OG STJÓRNARMANNA:**

**E. SKOÐURNARNEFND/FJÁRHAGSNEFND:**

**Valkvæðar samþykktir (TILBÚIN EN RAUNHÆF DÆMI)**

**F. AÐILDARFLOKKAR:**

**G. FREKARI SKYLDUR EMBÆTTISMANNA:**

**H. FASTANEFNDIR:**

**I. ÖNNUR EMBÆTTI:**

**J. SÉRSTAKAR ATKVÆÐAGREIÐSUR:**



## Umdæmið Ísland – Færeyjar

Bíldshöfða 12, 110 Reykjavík

Netfang: [kiwanis@kiwanis.is](mailto:kiwanis@kiwanis.is) <http://kiwanis.is/>